

**Stefnumarkandi landsáætlun um
uppbyggingu innviða til verndar náttúru
og menningarsögulegum minjum.**

**DRÖG AÐ VERKEFNAÁÆTLUN
2018-2020**

Drög til umsagnar

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

1. INNGANGUR

Hér eru lögð fram drög að helstu áhersluverkefnum landsáætlunar um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum vegna áráanna 2018-2020. Þessi þriggja ára verkefnaáætlun er sett fram samhliða fyrstu 12 ára stefnumarkandi landsáætlun.

Hér er einnig gerð grein fyrir því fjármagni sem ráðstafað hefur verið til áætlunarinnar.

Með þessari áætlun er tekist á við gríðarlega og uppsafnaða þörf fyrir innviðauppbyggingu á ferðamannastöðum, -leiðum og -svæðum og inni í því er aukin landvarsla. Lagt er til að meginþorri fjármuna landsáætlunar næstu þrjú árin renni til slíkra verkefna. Jafnframt er vaxandi þörf á fjármagni til viðhalds og rekstrar þeirra innviða sem byggðir hafa verið.

Vert er að nefna að með þessum tillögum og fjármagni er einungis hægt að koma til móts við takmarkaðan hluta þeirra staða og verkefna sem óskað var eftir og verkefnisstjórn telur þörf á. Jafnframt er einungis hægt að ráðast í takmarkaðan hluta nauðsynlegra innviðaverkefna á nær öllum þeim stöðum sem áhersla er lögð á, svo og landvörslu. Þessi verkefni munu því ekki ljúka uppbyggingu staða, heldur ná einungis til mjög afmarkaðra innviða innan viðkomandi staðar.

2. ÁÆTLUN UM FJÁRMÖGNUN

Í fjárlögum 2018 er ótímabundin fjárveiting til landsáætlunar sem nemur 660 m.kr. Jafnframt hefur ferðamálaráðherra ákveðið að leggja til sérstakt 100 m.kr. framlag til tiltekinna verkefna á áætluninni vegna ársins 2018.

Þannig hljóðar þriggja ára verkefnaáætlun upp á 2.080 m.kr. til verkefna í samræmi við ákvæði laga nr. 20/2016 (Tafla 1).

Tafla 1. Fjármögnun landsáætlunar 2018-2020

Ár	Fjárlög m.kr.	Sérstakt framlag m.kr.*	Samtals m.kr.
2018	660	100	760
2019	660		660
2020	660		660
Samtals			2.080

*sérstök fjárveiting til Dynjanda og Geysis

3. TILLAGA AÐ RÁÐSTÖFUN

Verkefnisstjórn gerir tillögu að eftirfarandi ráðstöfun fjármuna vegna áráanna 2018-2020:

Langstærsti hluti fjárveitingar landsáætlunar fer til uppbyggingar ýmskonar efnislegra innviða á skilgreindum ferðamannastöðum og ferðamannaleiðum. Er gert ráð fyrir um 1.500 m.kr. til slíkra verkefna. Gert er ráð fyrir fjárveitingum til landvörslu sem nemur rúmum 300 m.kr. sem bætist við þá landvörslu sem fyrir er á vegum stofnana ríkisins. Nánar er gerð grein fyrir ráðstöfun fjármuna til innviða og landvörslu í kafla 5.

Landsáætlun gerir jafnframt ráð fyrir ýmsum óstaðbundnum verkefnum sem eiga að gagnast öllum stöðum, með því að stuðla að samræmingu og aukinni fagmennsku. Kostnaður við þau nemur um 20 m.kr. árlega. Gerð er grein fyrir þeim áherslum í kafla 4.

Jafnframt er lagt upp með að um 10% fjármagnsins, eða um 200 m.kr. af því sem áætlað er árin 2019 og 2020, sé ekki ráðstafað strax. Er þeim hluta ætlað að mæta óvæntum áskorunum á núverandi stöðum eða nýjum svæðum sem hugsanlega gætu þurft fjárveitingu á seinni árum áætlunarinnar. Mun verkefnisstjórn, í samstarfi við umhverfis- og auðlindaráðuneytið, gera árlega upp stöðu verkefna á áætluninni og þá jafnframt óska eftir tillögum um viðbótarverkefni eftir því sem þörf krefur.

Tafla 2. Tillaga að ráðstöfun fjármuna landsáætlunar 2018-2020

Verkefni 2018-2020	Fjármunir milljónir kr.
Efnislegir innviðir	1.490
Landvarsla	320
Óstaðbundin verkefni	60
Ófyrirséð	200
Samtals	2.080

4. ÓSTAÐBUNDIN ÁHERSLUVERKEFNI 2018-2020

Lagt er til fjármagn til nokkurra óstaðbundinna áhersluverkefna á áætluninni vegna ársins 2018-2020. Slík verkefni eiga að ná fram markmiðum laganna, án þess að tengjast beint tilteknum stöðum. Verkefnisstjórn mun vinna að útfærslu þessara verkefna með viðkomandi ábyrgðaraðilum. Við næsta stöðumat verður metið hvort þörf sé á fleiri óstaðbundnum áhersluverkefnum en þau fjögur verkefni sem tilgreind eru í töflu 3. Til ráðstöfunar eru samtals um 60 m.kr. til slíkra verkefna.

Tafla 3. Óstaðbundin áhersluverkefni 2018-2020

Verkefni	Markmið	Aðilar
1 Aukin fagþekking við innviðauppbyggingu s.s. göngustíga	Að efla fagþekkingu þeirra aðila sem vinna að uppbyggingu innviða. Með því er hægt að auka gæði innviða-uppbyggingar, draga úr hættu á ónáuðsynlegu raski og nýta fjármagn betur.	Samstarf ýmissa stofnana og aðila
2 Hönnun, yfirbragð og staðsetning efnislegra innviða	Að auka fagþekkingu á sviði hönnunar innviða í náttúrunni þannig að þeir falli sem best að landslagi og stuðli að jákvæðri upplifun gesta.	Samstarf ýmissa stofnana og aðila
3 Miðlun og merkingar	Að samræma yfirbragð miðlunar og merkinga milli aðila sem bera umsjónarlega ábyrgð.	Samstarf ýmissa stofnana og aðila
4 Tilraunaverkefni um gönguleiðir	Að til verði vel skipulagt net tiltekinna ferðamannaleiða með skilgreindri umsjónarlegri ábyrgð og fullnægjandi innviðum.	Vinnuhópur um gönguleiðir

5. TILLÖGUR UM ÁHERSLUR ÁRIN 2018-2020


5.1. Ferðamannastaðir

Í þessum hluta verður gefið yfirlit yfir ferðamannastaði í þessari fyrstu verkefnaáætlun og þeir sýndir á landshlutakortum¹. Með töflum er sýnt hver verndarflokkun² þeirra er og hvort gerð sé tillaga að uppbyggingu, verndaraðgerðum, viðhaldi, öryggisaðgerðum, skipulagsvinnu, greiningarvinnu, o.s.frv. Í *afmarkaðri uppbyggingu* felast yfirleitt aðgerðir sem vernda ferðamannastað og gera hann betur í stakk búinn til að taka á móti gestum, t.d. með afkastameiri innviðum eða aukinni grunnþjónustu; í *verndaraðgerðum* felast yfirleitt aðgerðir til að lagfæra eða draga úr tjóni sem hlýst af álagi sem staðurinn verður fyrir; í *greiningarvinnu* getur falist áætlanagerð fyrir stað sem ekki snýr beint að skipulagi eða hönnun.

Í verkefnaáætlun kemur fram hvar ráðast eigi í framkvæmdir næstu þrjú árin á grunni forgangsröðunar og í samræmi við fjármögnun áætlunarinnar. Áætlunin verður endurskoðuð á þriggja ára fresti hið minnsta og verða þá staðir endurskoðaðir í takt við þætti eins og þróun álags og ástandsmat. Gert verður ráð fyrir sveigjanleika varðandi þá staði og verkefni sem eru á verkefnaáætlun landsáætlunar svo bregðast megi við ófyrirséðu álagi og/eða skemmdum af völdum aukins fjölda gesta á tilteknum stöðum.

Hefðbundnir fyrirvarar eru settir um breyttar forsendur á innleiðingartíma áætlunarinnar hvað varðar staði, verkefni, fjármögnun og aðra þætti sem lúta að eignarhaldi og samningum um framkvæmd verkefna. Auk þess er gerður fyrirvari um að tillögur að uppbyggingu séu í samræmi við skipulagsáætlun og stjórnunar- og verndunaráætlanir um viðkomandi stað.

Unnið verður að nánari útfærslu verkefna og verkáætlana í samvinnu við viðkomandi umsjónaraðila.



Mynd 1: **Skipting svæða í landsáætlun.** Skipting byggir á svæðum landshlutasamtaka og er hún höfð til hliðsjónar við skipulag landvörslu og uppbyggingu efnislegra innviða. Suðurnes og höfuðborgarsvæðið eru sameinuð í eitt svæði.


¹ Fyrir endanlega útgáfu verkefnaáætlunar 2018-2020 verða landshlutakort uppfærð þannig að þau sýni staðsetningu staða miðað við helstu vegi.

² Verndarflokkun skiptist oftast í friðlýst svæði, þjóðgarða, friðlönd, fólkvanga og staði á náttúruinjasrá. Önnur flokkun tákna að staður falli ekki undir framangreint.

5.2.1. Vesturland

Tafla 1. Staðir og áætluð verkefni til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum á ferðamannastöðum á Vesturlandi árin 2018-2020.

Staður	Umsjónarleg ábyrgð	Verndarflokkun	Eðli verkefna
Arnarstapi / Hellnar (VL005)	Umhverfisstofnun	Friðland	Viðhald Afmörkuð uppbygging
Djúpalónssandur (VL006)	Umhverfisstofnun	Þjóðgarður	Viðhald Afmörkuð uppbygging
Eldborg í Hnappadal (VL007)	Umhverfisstofnun	Friðlýst náttúruvætti	Verndaraðgerðir Öryggisáðgerðir
Gamla Brekkurétt við Grábrók (VL001)	Minjastofnun Íslands	Friðlýstar / friðaðar fornminjar og á jaðri svæðis á náttúruminjaskrá	Verndaraðgerðir
Glanni-Paradísarlaut (VL004)	Sveitarfélag - SSV	Á jaðri svæðis á náttúruminjaskrá	Rekstur Viðhald
Grábrók (VL008)	Umhverfisstofnun	Friðlýst náttúruvætti	Afmörkuð uppbygging
Hraunfossar / Barnafoss (VL009)	Umhverfisstofnun	Friðlýst náttúruvætti	Verndaraðgerðir Viðhald
Malarrif (VL010)	Umhverfisstofnun	Þjóðgarður	Afmörkuð uppbygging Lokafrágangur
Snorralaus (VL002)	Minjastofnun Íslands	Friðlýstar / friðaðar fornminjar og nærri svæði á náttúruminjaskrá	Viðhald
Surtshellir (Vígishellir, afhellir með mannvistarleifum) (VL003)	Minjastofnun Íslands	Friðlýstar / friðaðar fornminjar og á náttúruminjaskrá	Greiningarvinna
Öndverðarnes (VL011)	Umhverfisstofnun	Þjóðgarður	Viðhald




Mynd 2: Vesturland

5.2.2. Vestfirðir

Tafla 2: Staðir og áætluð verkefni til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum á ferðamannastöðum á Vestfjörðum árin 2018-2020.

Staður	Umsjónarleg ábyrgð	Verndarflokkun	Eðli verkefna
Dynjandi (VF003)	Umhverfisstofnun	Friðlýst sem náttúruvætti	Afmörkuð uppbygging
Friðlandið Hornstrandir (VF004)	Umhverfisstofnun	Friðland	Afmörkuð uppbygging
Látrabjarg (Bjargtangar og Brunnar í Látravík) (VF002)	Umhverfisstofnun	Á náttúruminjaskrá og í friðlýsingarferli	Afmörkuð uppbygging Verndaraðgerðir
Litlibær í Skötufirði (VF007)	Þjóðminjasafn Íslands	Friðað mannvirki (húsafriðun)	Skipulagsvinna Afmörkuð uppbygging
Skrúður í Dýrafirði – skrúðgarður (VF001)	Minjastofnun Íslands	Friðlýstar/friðaðar fornminjar	Greiningarvinna
Vatnsfjörður (VF005)	Umhverfisstofnun	Friðland	Verndaraðgerðir
Flateyjarfriðland (VF006)	Umhverfisstofnun	Friðland	Verndaraðgerðir




Mynd 3: Vestfirðir

5.2.3. Norðvesturland

Tafla 3: Staðir og áætluð verkefni til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum á ferðamannastöðum á Norðvesturlandi árin 2018-2020.

Staður	Umsjónarleg ábyrgð	Verndarflokkun	Eðli verkefna
Borgarvirki (NV001)	Minjastofnun Íslands	Friðlýstar / friðaðar fornminjar og á náttúruminjaskrá	Afmörkuð uppbygging Verndaraðgerðir
Hveravellir (NV004)	Umhverfisstofnun	Friðlýst sem náttúruvætti	Viðhald
Hvítserkur (NV003)	Sveitarfélag - SSNV	Á náttúruminjaskrá	Öryggisaðgerðir
Þrístapar (NV002)	Minjastofnun Íslands	Friðlýstar / friðaðar fornminjar	Verndaraðgerðir
(sama)	Sveitarfélag -SSNV	Friðlýstar / friðaðar fornminjar	Afmörkuð uppbygging




Mynd 4: Norðvesturland

5.2.4. Norðausturland

Tafla 4: Staðir og áætluð verkefni til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum á ferðamannastöðum á Norðausturlandi árin 2018-2020.

Staður	Umsjónarleg ábyrgð	Verndarflokkun	Eðli verkefna
Ásbyrgi (NA006)	Vatnajökulsþjóðgarður	Þjóðgarður	Afmörkuð uppbygging
Dettifoss vestan (NA009)	Vatnajökulsþjóðgarður	Í jaðri/umsjón þjóðgarðs	Afmörkuð uppbygging
Dimmuborgir (NA001)	Landgræðsla ríkisins	Friðlýst sem náttúruvætti	Lokafrágangur Viðhald
Hverfjall (Hverfell) (NA003)	Umhverfisstofnun	Friðlýst sem náttúruvætti	Verndaraðgerðir
Kálfaströnd / Klasar (NA004)	Umhverfisstofnun	Vernd skv. sérlögum	Afmörkuð uppbygging Lokafrágangur
Skálar á Langanesi (NA002)	Minjastofnun Íslands	Friðlýstar / friðaðar fornminjar	Skipulagsvinna Afmörkuð uppbygging Verndaraðgerðir
Skútustaðagígar (NA005)	Umhverfisstofnun	Friðlýst sem náttúruvætti	Afmörkuð uppbygging
Vaglaskógur (NA010)	Skógræktin	Önnur flokkun	Afmörkuð uppbygging
Vesturdalur / Langavatnshöfði (NA007)	Vatnajökulsþjóðgarður	Þjóðgarður	Afmörkuð uppbygging
Vikraborgir (NA008)	Vatnajökulsþjóðgarður	Þjóðgarður	Afmörkuð uppbygging




Mynd 5: Norðausturland

5.2.5. Austurland

Tafla 5: Staðir og áætluð verkefni til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum á ferðamannastöðum á Austurlandi árin 2018-2020.

Staður	Umsjónarleg ábyrgð	Verndarflokkun	Eðli verkefna
Blanda við Geldingafell (AL005)	Vatnajökulsþjóðgarður	Þjóðgarður	Afmörkuð uppbygging
Fjårborg í Mjóafirði (AL001)	Minjastofnun Íslands	Friðlýstar / friðaðar fornminjar	Verndaraðgerðir
Fossárdalur (AL002)	Sveitarfélag - SSA	Önnur flokkun	Skipulagsvinna Afmörkuð uppbygging Öryggisaðgerðir
Galtastaðir fram (AL007)	Þjóðminjasafn Íslands	Friðað mannvirki (húsafriðun)	Skipulagsvinna Afmörkuð uppbygging Verndaraðgerðir
Hallormsstaðarskógur (AL008)	Skógræktin	Friðaður skógur skv. sérlögum	Afmörkuð uppbygging
Hengifoss (AL003)	Sveitarfélag - SSA	Á náttúruminjaskrá	Afmörkuð uppbygging Viðhald
Krepputunga (AL006)	Vatnajökulsþjóðgarður	Þjóðgarður	Afmörkuð uppbygging
Teigarhorn (AL004)	Sveitarfélag - SSA	Fólkvangur	Skipulagsvinna
(sama)	Umhverfisstofnun	Náttúruvætti	Verndaraðgerðir
(sama)	Þjóðminjasafn Íslands	Friðað mannvirki (húsafriðun)	Verndaraðgerðir




Mynd 6: Austurland

5.2.6. Suðurland

Tafla 6: Staðir og áætluð verkefni til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum á ferðamannastöðum á Suðurlandi árin 2018-2020.

Staður	Umsjónarleg ábyrgð	Verndarflokkun	Eðli verkefna
Dverghamrar (SL012)	Umhverfisstofnun	Friðlýst sem náttúruvætti	Afmörkuð uppbygging
Dyrhólaey (SL013)	Umhverfisstofnun	Friðland	Afmörkuð uppbygging Viðhald
Friðland að fjallabaki (SL014)	Umhverfisstofnun	Friðland	Skipulagsvinna Afmörkuð uppbygging Viðhald
Geysir (SL015)	Umhverfisstofnun	Á náttúruminjaskrá, er í friðlýsingarferli	Afmörkuð uppbygging Öryggisaðgerðir
Gjáin í Þjórsárdal (SL009)	Sveitarfélag - SASS	Á náttúruminjaskrá	Verndaraðgerðir
Gullfoss (SL015)	Umhverfisstofnun	Friðland	Afmörkuð uppbygging Viðhald Öryggisaðgerðir
Haukadalsskógur (SL004)	Skógræktin	Nærri jaðri svæðis á náttúruminjaskrá	Afmörkuð uppbygging
Hjálparfoss (SL005)	Skógræktin	Á náttúruminjaskrá	Rekstur Viðhald Lokafrágangur
Jökulsárlón (SL019)	Vatnajökulsþjóðgarður	Þjóðgarður	Afmörkuð uppbygging
Keldur á Rangárvöllum (SL023)	Þjóðminjasafn Íslands	Friðað mannvirki (húsafríðun)	Skipulagsvinna Afmörkuð uppbygging
Kirkjugólf (SL016)	Umhverfisstofnun	Friðlýst sem náttúruvætti	Verndaraðgerðir
Laugarvatn (SL006)	Skógræktin	Á náttúruminjaskrá	Lokafrágangur
Reykjadalur / Grændalur (SL010)	Sveitarfélag - SASS	Á náttúruminjaskrá	Viðhald Verndargerðir Öryggisaðgerðir
Rútshellir (SL001)	Minjastofnun Íslands	Friðlýstar/friðaðar fornminjar og nærri svæði á náttúruminjaskrá	Lokafrágangur Öryggisaðgerðir
Sandfell í Örafum (SL018)	Vatnajökulsþjóðgarður	í jaðri/umsjá þjóðgarðs	Afmörkuð uppbygging
Skaftáreldahraun (SL011)	Sveitarfélag - SASS	Á náttúruminjaskrá (hluti hrauns), hluti hrauns innan þjóðgarðs	Verndaraðgerðir
Skálholt (SL002)	Minjastofnun Íslands	Friðlýstar / friðaðar fornminjar	Afmörkuð uppbygging
Skógafoss (SL017)	Umhverfisstofnun	Friðlýst sem náttúruvætti	Afmörkuð uppbygging Verndaraðgerðir Viðhald
Stöng í Þjórsárdal (SL003)	Minjastofnun Íslands	Friðlýstar / friðaðar fornminjar	Greiningarvinna Verndaraðgerðir
Svarthöfði við Vonarskarð (SL020)	Vatnajökulsþjóðgarður	Þjóðgarður	Afmörkuð uppbygging
Systrafoss (skógarreitir) (SL007)	Skógræktin	Önnur flokkun	Viðhald
Þinghelgi (SL021)	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	Þjóðgarður	Skipulagsvinna Afmörkuð uppbygging Viðhald
Þingvallahraun (SL022)	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	Þjóðgarður	Afmörkuð uppbygging
Þórsmörk og Goðaland (SL008)	Skógræktin	Á náttúruminjaskrá	Viðhald Verndaraðgerðir




Mynd 7: Suðurland

5.2.7. Suðurnes og höfuðborgarsvæðið

Tafla 7: Staðir og áætluð verkefni til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum á ferðamannastöðum á Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu árin 2018-2020.

Staður	Umsjónarleg ábyrgð	Verndarflokkun	Eðli verkefna
Eldvörp (SV002)	Sveitarfélag - SSS	Á náttúruminjaskrá	Verndaraðgerðir
Gunnhver (SV003)	Sveitarfélag - SSS	Á náttúruminjaskrá	Afmörkuð uppbygging
Krýsuvíkurbjarg (SV001)	Sveitarfélag - SSH	Fólkvangur	Skipulagsvinna Öryggisáðgerðir



Mynd 8: Suðurnes og höfuðborgarsvæðið

5.3. Staðir til sérstakrar skoðunar

Til viðbótar framangreindum listum yfir staði eru hér tilgreindir nokkrir staðir til viðbótar, sem ástæða er til að skoða sérstaklega á gildistíma áætlunarinnar og fylgjast með ástandi og þróun þeirra með tilliti til mögulegrar innviðabætur í tengslum við landsáætlun. Þessir staðir eru Blábjörg (friðlýst svæði), Helgustaðanáma (friðlýst svæði), Þjórsárver (friðlýst svæði), Flatey (vesturhluti, utan friðlands), Hjörleifshöfði, Glymur, Fjaðrárgljúfur, Goðafoss, Kirkjufellsfoss, Kerlingafjöll (friðlýsing í vinnslu), Kinnargjár á Reykjanesi („Brúin milli heimsálfa“) og Skaftafell (friðlýst svæði).

Á mörgum þessara staða er jafnframt áhersla á að leggja til og efla landvörslu.

5.4. Ferðamannaleiðir

Auk skipunar starfshóps um ferðamannaleiðina Laugaveg á milli Landmannalauga og Þórsmerkur er lagt til að leiðin verði viðfang þessarar fyrstu verkefnaáætlunar fyrir árin 2018-2020.

Tafla 8: Áætluð verkefni til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum á ferðamannaleiðum árin 2018-2020.

Leið	Umsjónarleg ábyrgð	Verndarflokkun	Eðli verkefna
Laugavegur frá Landmannalaugum til Þórsmerkur	Umhverfisstofnun, forsætisráðuneyti (þjóðlendur), Skógræktin, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra o.fl.	Friðland, á náttúruminjasrá	Viðhald Verndaraðgerðir Öryggisaðgerðir

5.5. Landvarsla

Lagt er til að í hverjum landshluta verði landvarsla eflað á tímabilinu 2018-2020. Landvarslan verði skipulögð á grundvelli núverandi starfsemi og aðstöðu á friðlýstum svæðum, í samstarfi ríkis og sveitarfélaga í viðkomandi landshluta.

Aukning landvörslu og styrking umsjónar á stöðum er mikilvægt viðbragð í ljósi viðfangsefnis landsáætlunar, enda er landvarsla skjótvirk aðgerð samanborið við uppbyggingu efnislegra innviða og skilar hún árangri um leið og landvörður er farinn að starfa á vettvangi. Með markvissri landvörslu er hægt að bæta stýringu umferðar ferðamanna innan svæða, auka öryggi ferðamanna og bæta upplýsingagjöf til þeirra. Jafnframt er þannig hægt að þjóna svæðum þar sem ekki verða fjárhagslegar og/eða skipulagstengdar forsendur til að vinna að stærri verkefnum á árunum 2018-2020. Auk þess er landvarsla heppilegur „öfnislegur innviður“ á stöðum þar sem ekki ríkir einhugur um uppbyggingu efnislegra innviða eða þar sem deilur standa um ábyrgð eða eignarhald.

Lenging ferðamannatímans kallar á það að fyrirkomulag landvörslu verði að ákveðnu leyti hugsað upp á nýtt, enda hefur landvarsla víða þróast á síðustu árum frá því að vera sumarstarf yfir í heilsársstarf.

Tafla 9: Áætlun um aukningu landvörslu á árunum 2018-2020.

Staður/svæði	Verkefni	Umsjón
Suðurland	Aukin landvarsla á Suðurlandi	Aukning landvörslu skipulögð í samstarfi stofnana og sveitarfélaga í landshlutanum
Suðurnes og höfuðborgarsvæðið	Landvarsla á Suðurnesjum og friðlýstum svæðum á höfuðborgarsvæðinu	
Vesturland	Aukin landvarsla á Vesturlandi	
Vestfirðir	Aukin landvarsla á Vestfjörðum	
Norðvesturland	Landvarsla á Norðvesturlandi	
Norðausturland	Aukin landvarsla á Norðausturlandi	
Austurland	Aukin landvarsla á Austurlandi	

Áhersla verði lögð á að byggja á grunni núverandi landvörslu á friðlýstum svæðum og að nýta starfsstöðvar og aðstöðu sem fyrir er í landshlutanum. Þar er sérstaklega litið til eflingar landvörslu út frá þeim starfsstöðum og þeirri starfsemi sem þegar er í landshlutanum þannig að þjónusta megi sem flesta staði.

Þar má nefna eftirtaldar starfsstöðvar; Patreksfjörð og Ísafjörð á Vestfjörðum; Hellissand og Hvanneyri á Vesturlandi; Suðurnes/Höfuðborgarsvæði; Þingvelli, Haukadal, Gunnarsholt, Landmannalaugar, Þórsmörk, Kirkjubæjarklaustur, Skaftafell og Höfn á Suðurlandi; Teigarhorn og Skriðuklaustur á Austurlandi; Ásbyrgi, Mývatn, Vaglir og Askja/Herðubreiðarlindir á Norðausturlandi og Hólar á Norðvesturlandi.